**Ed.** **322. Frumvarp til laga** [178. mál]

**um breyting á lögum nr. 3 31. jan. 1972, um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, o. fl.**

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973).

**1. gr.**

**Í stað „22. febrúar 1973" í 1. málsgr. 3. gr. og 4. gr. komi: 22. marz 1973.**
**Í stað „23. febrúar 1973" í 1. og 2. málsgr. 3. gr. og 4. gr. komi: 23. marz 1973.**

**2. gr.**

**Lög þessi öðlast þegar gildi.**

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum, o. fl., nr. 3 31. janúar 1973, var frestað til 23. febrúar 1973 ýmsum réttaráhrifum, sem að óbreyttu áttu að koma til framkvæmda á fyrstu dögunum eftir að jarðeldarnir á Heimaey hófust.

Eigi hefur tekizt að koma högum manna vegna atburða þessara í það horf, sem æskilegt má telja, og þykir eftir atvikum rétt að fresta réttaráhrifum enn um mánuð.